



A 1900/PRE

**Flytjandi** Flokkahópur jafnaðarmanna  
**Afgreiðsla** Forsætisnefndin

## Þingmannatillaga um reikningskil Norrænu ráðherranefndarinnar

### Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að Norræna ráðherranefndin skili framvegis sérstöku uppgjöri fyrir 1) rekstur skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar annars vegar og 2) verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar hins vegar.

### Bakgrunnsupplýsingar

Undanfarin tvö ár hefur Ríkisendurskoðun Danmerkur gert ýmsar athugasemdir við skekkjur og brotalamir í reikningskilum Norrænu ráðherranefndarinnar þegar hún hefur endurskoðað bækur hennar. Skortir á að reikningshaldið sé gagnsætt og auðlesið og verður ekki auðveldlega greint á milli rekstrarins á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar og verkefnanna á vegum nefndarinnar.

Í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar um ársreikninga Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2020, sem lögð var fyrir Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina, kemur fram að útgjöld skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar fóru 5 milljónum danskra króna fram úr rekstraráætlun, sbr. Verkefna- og fjárhagsáætlun ársins 2020. Norræna ráðherranefndin gerir grein fyrir ástæðum þess að fjármagni var ráðstafað umfram heimildir í skýringum með ársreikningunum og kveður tapinu að hluta mætt með viðbótarframlagi að fjárhæð 3,6 milljónir danskra króna. Var Norrænu ráðherranefndinni ekki ljóst fyrir en við reikningskilin árið 2021 að tapið var 1,4 milljónum danskra króna meira. Til að rétta af þennan 1,4 milljóna króna halla voru nýttar fjárveitingar til annarra hluta.

Sömuleiðis kemur fram í nefndaráliti eftirlitsnefndar Norðurlandaráðs um skýrslu Ríkisendurskoðunar til ráðsins um endurskoðun starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2020 að henni þyki mjög gagnrýnisvert að Norræna ráðherranefndin hafi ekki betri stjórn á fjárreiðum verkefnanna. Eftirlitsnefndin hefur árum saman lagt fram fyrirspurnir um verkefnastjórnun Norrænu ráðherranefndarinnar. Sú gagnrýni sem Ríkisendurskoðun beinir að verkefnastjórnun sýnir að vandræði vegna verkefna hófust áður en nýtt fjárhagskerfi Norrænu ráðherranefndarinnar var tekið í notkun.



Norræna ráðherranefndin greinir sjálf frá því í ársskýrslu ársins 2020 að reikningskil hafi um langa hríð reynst ýmsum vanda bundin en þó aldrei eins og á seinni hluta ársins 2020 þegar Ríkisendurskoðun varð að hafna því að staðfesta ársreikningana 2019.

Flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði fer fram á aukið gagnsæi í reikningshaldinu og leggur því til að Norræna ráðherranefndin haldi aðskildu rekstrinum á skrifstofu nefndarinnar annars vegar og verkefnastjórnuninni á vegum hennar hins vegar í ársuppgjöri sínu.

Norðurlöndum, 24. janúar 2022

*Anders Kronborg (S)*

*Anna Vikström (S)*

*Annette Lind (S)*

*Camilla Gunell (ÅSD)*

*Doris J. Jensen (S)*

*Emilia Töyrä (S)*

*Erkki Tuomioja (sd)*

*Eva Lindh (S)*

*Eveliina Heinäluoma (sd)*

*Gunilla Carlsson (S)*

*Heidi Viljanen (sd)*

*Henrik Møller (S)*

*Johan Andersson (S)*

*Jorodd Asphjell (A)*

*Karianne B. Bråthen (A)*

*Kim Berg (sd)*

*Lars Mejern Larsson (S)*

*Maria Stenberg (S)*

*May Britt Lagesen (A)*

*Oddný G. Harðardóttir (Sf)*

*Per-Arne Håkansson (S)*

*Stein Erik Lauvås (A)*

*Tove Elise Madland (A)*

*Truls Vasvik (A)*

*Åsa Karlsson (S)*